

Fundargerð

19. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn á skrifstofu FRÍ Laugardal þriðjudaginn 23. apríl 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin, en formaður sendi skýrslu frá Evrópuþinginu sem haldið var í Prag. Fundargerðir þriggja síðustu funda samþykktar.

2. Starfsreglur stjórnar um reglugerðarbreytingar

Starfsreglurnar höfðu verið sendar stjórnarmönnum. Umræða og nánari kynning. Starfsreglur samþykktar samhljóða til birtingar á heimasíðu FRÍ.

3. Reglugerð um sérmót FRÍ

Engar athugasemdir bárust frá aðildarfélögum eftir 14 daga umsagnarfrést. Umræða stjórnar. Reglugerðarbreytingin samþykkt samhljóða til birtingar á heimasíðu FRÍ.

4. Afreksmál FRÍ

Afreksstjóri kynnti afreksúthlutun 2019. Rætt um fyrri úthlutun. Að nýju er rætt um endurskoðun á reglugerðinni í sumar. Greint frá vinnu í starfshóp afreksstjóra. Greint frá frumdrögum af tillögu afreksstjóra. Umræður og fyrirspurnir. Ákveðið að afreksstjóri sendi lokatillögu til stjórnar rafrænt. Stefnt að úthlutun 10. maí nk.

5. Opinn formannafundur – 10. maí 2019

Rætt um dagskrárboð, Skype, mat og viðbótardagskrá, auk fastra liða. Fundurinn er opinn og stendur frá kl. 18 – 21. Formaður ásamt verkefnastjóra vinna verkefnið áfram.

6. Fjármál, endurskoðun fjárhagsáætlunar – Ársreikningur 2018

Vegna forfalla gjaldkera þá er þessum lið vísað til umræðu á næsta fundi.

7. Mótaskrá 2020

Tillaga mótanefndar liggur fyrir. Kynnt á formannafundi sem fastur liður.

6. Önnur mál

- Örráðstefna í september „Á hlaupum“ – hugmyndin rædd og sett í farveg á Asana.
- Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um störf mannvirkjanefndar.
- Rætt um Asana verkefnisstjórnarkerfið.
- Rætt um Manchester International – Erfið tímasetning - Evrópubíkar í Makedóníu.
- Mannahald FRÍ á erlendum mótum – Formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja fram skipulag, en þegar hefur verið gengið frá nokkrum lausum endum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:07 með því að Fjóla Signý varaformaður söng 23. Davíðssálminn „Drottinn er minn hirðir...“

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.